

**Tillaga um tekjumörk vegna afsláttar
af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2019**

Lagt er til 4,7% hækkun sem er í takt við hækkun elli- og öörorkulífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins á milli árunna 2017 og 2018.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambylislífólki ræður aldur þess er fyrr verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2018):

með tekjur allt að kr. 3.621.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 3.621.001 – 4.192.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 4.192.001 – 4.758.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2018):

með tekjur allt að kr. 5.988.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.988.001 – 6.696.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 6.696.001 - 7.405.000 er veittur 50% afsláttur

Borgarnesi 18. desember 2018.

Eiríkur Ólafsson
fjármálastjóri

Inga Vildís Bjarnadóttir
félagsmálastjóri